

LEIÐANDI ORKUFYRIRTÆKI



Orkuveita Reykjavíkur

Markmið og gildi

Orkuveita Reykjavíkur leggur metnað sinn í að mæta þörfum viðskiptavinarins með góðri þjónustu og leysa hratt og ákveðið úr öllum þeim vanda sem upp kemur. Starfsmenn fyrirtækisins eru vakandi fyrir því að viðskiptavinurinn sé upplýstur um vörur þess og þjónustu.

Gildi Orkuveitu Reykjavíkur eru heiðarleiki, framsýni og hagsýni. Þau eru höfð að leiðarljósi í allri þjónustu fyrirtækisins.

Orkuveita Reykjavíkur var stofnuð árið 1999 við samruna Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur. Í ársbyrjun 2000 varð Vatnsveita Reykjavíkur hluti af hinu nýja fyrirtæki og sex árum síðar runnu fráveitur Akraness, Borgarbyggðar og Reykjavíkur inn í Orkuveituna.

Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert frá stofnun fyrirtækisins og nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirtækið er sameignarfélag í eigu þriggja sveitarfélaga: Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar. Fyrirtækið sér rúmlega helmingi þjóðarinnar fyrir húshitun með jarðhita, drykkjarvatni og rafmagni auk þess að reka fráveitu og gagnaveitu.

Starfsemi Orkuveitunnar byggir að mestu leyti á nýtingu náttúruauðlinda. Kalt vatn er fengið úr grunnvatni í Heiðmörk í nágrenni Reykjavíkur. Heita vatnsins er aflað með dælingu úr lágghitasvæðum og er einnig framleitt á hághitasvæðum með upphitun á köldu vatni. Raforkan er einnig framleidd með gufu á hághitasvæðunum á Nesjavöllum, Hellisheiði og í vatnsaflsvirkjunum við Elliðaár og Andakílsá í Borgarfirði. Markmið Orkuveitunnar er að nýting þessara auðlinda sé eins nálægt því að vera sjálfbær og kostur er. Starfsmenn fyrirtækisins búa yfir mikilli þekkingu við öflun og dreifingu á orku og vatni til íbúa og fyrirtækja sem nú til dags telst til sjálfsagðra lífsgæða.

Orkuveita Reykjavíkur framleiðir rafmagn til heimilisnota og fyrir atvinnulífið og selur eigin framleiðslu og orku keypta í heildsölu af Landsvirkjun á samkeppnismarkaði. Raforkudreifing Orkuveitu Reykjavíkur nær til liðlega helmings landsmanna í sex sveitarfélögum við Faxaflóa.

Starfsemi Orkuveitunnar nýtur óháðrar vottunar í gæðamálum (ISO 9001), umhverfismálum (ISO 14001) og öryggismálum (OHSAS 18001) auk þess sem vatnsveita og fráveita njóta sérstakrar vottunar.

Orkuveita Reykjavíkur vill vera til fyrirmyndar í starfsháttum og þjálfu og efla hæfileika starfsfólksins svo þeim markmiðum sé náð. Umhverfismál gegna mikilvægu hlutverki í allri starfsemi fyrirtækisins.



Vatnsveita Reykjavíkur tók til starfa árið **1909** og fengu Reykvíkingar þá greiðan aðgang að hreinu vatni.

Árið **1921** var Rafstöðin við Elliðaár tekin í notkun og markaði það upphaf Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Árið **1930** tók Hitaveita Reykjavíkur til starfa en þá voru fyrstu húsin í Reykjavík tengd hitaveitu úr Þvottalaugunum í Laugardal.



Umhverfisvænar virkjanir

Vistvæn nýting orku

Orkuveitan framleiðir, dreifir og selur rafmagn, heitt vatn og kalt vatn auk þess að reka fráveitur á þéttbýlasta svæði Íslands. Þjónusta fyrirtækisins nær til 20 sveitarfélaga þar sem búa um 210 þúsund manns eða um 70% landsmanna.

Hitaveita Orkuveitunnar er meðal stærstu jarðvarmaveitna í heimi með 70 milljónir m³ ársframleiðslu. Framleiðsla á heitu vatni er umfangsmest á Nesjavöllum en auk þess er heitavatnsframleiðsla á Hellsheiði og á fjölda lághitasvæða. Lagnir hitaveitukerfisins liðast um 3000 km leið um heiðar, hraun og dali. Til samanburðar má geta þess að 560 þúsund tonn af kolum þyrfti til húshitunar á höfuðborgarsvæðinu eða um 360 þúsund lestir af olíu. Kolabingurinn yrði á stærð við Öskjuhlíðina og bílalest olíuflutningabíla lægi samfelld til Seyðisfjarðar. Um kostnaðinn þyrfti ekki að fjölyrða.

Hlutfall endurnýtanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun þjóðarinnar er rúmlega 70% sem er langt umfram það sem gerist annars staðar í heiminum.

Hengilssvæðið er meðal stærstu háhitasvæða á Íslandi. Jarðhitinn tengist þremur eldstöðvarkerfum á þessu svæði. Orkuveitan rekur tvær jarðvarmavirkjanir á Hengilssvæðinu, Nesjavallavirkjun og Hellsheiðarvirkjun.

Jarðvarmavirkjanirnar verða að afla nægilegrar gufu og vatns til að hægt sé að framleiða rafmagn og heitt vatn til húshitunar. Framleiðsla á rafmagni fer fram í rafstöð virkjunar og framleiðsla á heitu vatni fer fram í varmastöð virkjunar.

Nesjavallavirkjun og Hellsheiðarvirkjun hafa löngum verið taldar einhver skýrustu merki þeirrar þekkingar og verkfærni sem byggð hefur verið upp á sviði jarðvarma hér á landi. Báðar gegna þær sama hlutverki, að framleiða heitt vatn til húshitunar á höfuðborgarsvæðinu og rafmagn fyrir almennan markað og stórnotendur.

Framleiðsla Orkuveitu Reykjavíkur stuðlar að heilnæmari lífsskilyrðum fólks. Nýtingu orkunnar fylgja þó ýmsir ókostir eins og brennisteinsvetni sem veldur hveralykt. Vandlega er fylgst með útbreiðslu þess og markvisst unnið að því að draga úr styrk þess í andrúmslofti.

Vökvinn sem verður eftir þegar orkan hefur verið nýtt í virkjuninni kallast affallsvatn. Honum er skilað aftur ofan í jarðhitakerfið við Hellsheiðavirkjun í þeim tilgangi að nýta betur auðlindina og vernda grunnvatn og yfirborðsvatn. Fylgst er með áhrifum affallsvatns á grunnvatn.

Á árinu 2012 var ráðinn landgræðslustjóri til Orkuveitu Reykjavíkur. Helstu verkefni hans eru að draga úr óæskilegum áhrifum sem framkvæmdir á virkjanasvæðum hafa á staðbundinn gróður og rækta og efla landsvæði í kringum virkjanir.

Reglulegt eftirlit er með því hvernig svæði sem nýtt eru til orkuöflunar bregðast við nýtingu og unnar eru spár um hvernig svæðin bregðist við til framtíðar.

Nesjavallavirkjun var gangsett árið 1990 á norðanverðu Hengilssvæðinu og er framleiðslugeta hennar 120 MW af rafmagni og 300 MW af heitu vatni.

Hellsheiðavirkjun hóf framleiðslu rafmagns árið 2006 á sunnanverðu Hengilssvæðinu. Framleiðslugeta virkjunarinnar er 303 MW í rafmagni og 133 MW af heitu vatni.

Orkuveita Reykjavíkur rekur einnig tvær vatnsaflsvirkjanir. Önnur þeirra er í Elliðaárdal og hin í Andakíl í Borgarfirði. Samanlagt afl þeirra er 11,4 MW. Í vatnsaflsvirkjununum er eingöngu framleitt rafmagn.





Hreint neysluvatn

Ómetanleg lífsgæði

Flestir líta á hreint neysluvatn sem sjálfsagðan þátt í daglegu lífi. Mikil lífsgæði felast í hreinu neysluvatni og er eitt af skylduverkum Orkuveitu Reykjavíkur að fullnægja vatnspörf fólks og fyrirtækja. Fjölmörg fyrirtæki, ekki síst í matvælaíðnaði, byggja starfsemi sína á hreinu vatni. Vinnsla á köldu vatni fyrir höfuðborgarsvæðið fer að mestu leyti fram í Heiðmörk þar sem nær eingöngu er sótt í grunnvatnslindir. Stór hluti Heiðmerkur er því skilgreindur sem vatnsverndarsvæði og kemur meginhluti

vatnsins undan Húsafellsbruna og Bláfjöllum. Þess vegna er eftirlit á vatnsverndarsvæðum mikilvæg og rík áhersla lögð á hana í starfi Orkuveitunnar. Fylgst er vel með gæðum vatnsins og flutningur á varasömum efnum á svæðinu er undir ströngu eftirliti. Verndun neysluvatnsauðlindarinnar og ábyrg stýring á vatnsverndarsvæðum er forsenda þess að Orkuveita Reykjavíkur geti rækt skyldur sínar og tryggt neysluvatn til langrar framtíðar.

Fráveitan

Þjónusta undir yfirborðinu

Hlutverk fráveitunnar er að veita frárennsli frá þéttbýli og atvinnurekstri á haf út þar sem það er losað í samræmi við ýtrustu kröfur í umhverfismálum. Frárennslið fer eftir lagnakerfi og er því dælt tvisvar til þrisvar sinnum á leiðinni í hreinsistöðvar. Eftir hreinsun er því síðan veitt út í sjóinn á Sundunum um 4 til 5 km frá ströndinni. Með því er komið í veg fyrir mengun í fjörum og sjórinn við strandlengjuna er öruggur til baða.

Unnið er að sambærilegum úrbótum á Akranesi og í Borgarnesi og stefnt að því að verkinu ljúki árið 2016. Í Borgarbyggð rekur Orkuveitan lífrænar hreinsistöðvar í fjórum þéttbýliskjörnum í Borgarfirði: Bifröst, Hvanneyri, Reykholti og Varmalandi. Í lífrænu stöðvunum fer fram hreinsun í tveimur þrepum auk þess sem sólarljósið er notað til draga úr örverumengun svo frárennslið valdi lífríkinu ekki tjóni.



Sjálfsögð lífsgæði fyrir alla

Orkuveita Reykjavíkur sér viðskiptavinum sínum fyrir hreinu drykkjarvatni og heitu vatni til húshitunar allan ársins hring. Auk þess framleiðir fyrirtækið rafmagn á verði sem er mun lægra en býðst í nágrannalöndum okkar.

Við heimahús og í fyrirtækjum er affallsvatn frá húshituninni notað til þess að hita upp innkeyrslur, gangstéttir og bílastæði. Borgaryfirvöld hafa nýtt sér þetta til að halda hita á gangstéttum í miðborginni og koma í veg fyrir að hálka myndist. Orkuveitan styður við rekstur fjölmargra sundlauga á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi gesta koma í sundlaugar og heilsulindir árlega og njóta heita vatnsins sem fyrirtækið leggur til á hagstæðu verði.

Ábyrg umhverfisstefna

Skipulögð og með skýrum markmiðum

Ný umhverfis- og auðlindastefna Orkuveitu Reykjavíkur tók gildi í lok árs 2012. Viðhorf til umhverfismála í samfélaginu eru í stöðugri þróun og þótti því eðlilegt að þessi málaflokkur fengi aukið vægi í starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

Umhverfis- og auðlindastefnunni er ætlað að varpa ljósi á viðhorf stjórnar og starfsfólks Orkuveitu Reykjavíkur til umhverfismála fyrirtækisins og lýsa þeim metnaði sem fyrirtækið hefur í þeim efnun. Þýðingarmiklir umhverfisþættir hafa verið

skilgreindir til þess að nálgast megi umhverfismálin með skipulegum hætti og skýrum markmiðum þar sem ábyrgðinni er deilt skilmerkilega á milli starfsmanna. Svo fjölbreyttri starfsemi sem Orkuveitan sinnir fylgja umhverfisáhrif sem kalla á fyrirbyggjandi aðgerðir, vöktun og eftirlit en einnig opin og fagleg samskipti við almenning, leyfisveitendur og opinbera aðila.


Mannauður er undirstaðan

Jafnrétti og þekking til framfara

Orkuveitan rekur virka starfsmanna- og jafnréttisstefnu. Hlutfall kvenna meðal stjórnenda er nú hærra en áður eða ríflega 32%. Menntun og reynsla starfsfólks er afar fjölbreytt þar sem finna má verkfræðinga, jarðfræðinga, rafvirkja, tæknifræðinga og skrifstofutækna, svo nokkur störf séu nefnd. Stjórnun framkvæmda, hönnun mannvirkja og rekstur byggir á verkfræði af öllu tagi. Orkuöflun og allar virkjanir fyrirtækisins eru byggðar á umfangsmiklum, margra ára jarðfræðirannsóknum sem unnar eru

af færustu vísindamönnum á sínu sviði. Yfir hundrað ára reynsla Orkuveitunnar af rekstri vatnsveitu og rúmlega áttatíu ára reynsla af rekstri hitaveitu hefur gefið af sér mikla þekkingu. Starfsmenn Orkuveitunnar búa yfir sérþekkingu á mörgum sviðum. Sem dæmi má nefna stefnuborun á háhitasvæðum sem beitt hefur verið af mikilli leikni á Hengilssvæðinu. Sú kunnátta hefur gert Orkuveitunni kleift að komast að heitu vatni langt frá upphafsstað og ákvarða borstaði með minnsta mögulegu umhverfisraski.

Stiklur úr sögu Orkuveitu Reykjavíkur



Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sími: 516 6000
or@or.is | www.or.is